

4/10 2023

Orlofnefnd húsmæðra í Reykjavík

Umsögn Orlofsnefndar kvenna í Reykjavík um frumvarp til laga um afnam laga um orlof húsmæðra þingskjal nr. 94 á 154 þingi 2023-2024

Orlofsnefndin lýsir sig alfarið andsnúið frumvarpinu, og telur það byggt á þeim forsendum að jafnréttindi kynjanna sé náð, sem er því miður ekki raunin, þrátt fyrir að lagalegt jafnrétti sé komið langt á leið. Talað er um að orlof húsmæðra sé tímaskekkja.

Orlofsnefndin skipuleggur ferðir næsta árs, um mitt árið á undan. Síðan eru ferðir ársins tilbúnar í okt.-nóv. Þá er nefndin búin að skipuleggja og gera fjárhagsáætlun um kostnað við ferðir ársins og búin að panta ferðir hjá ferðaþjónustufyrirtæki. Í lok janúar og byrjun febrúar eru ferðir auglýstar fyrir árið. Ferðafélagar láta skrá sig í febr. til apríl árlega og eru ferðir okkar fullar í apríllök. Með okkur fara milli 350 til 400 manns. Við bjóðum upp á vandaðar og vel skipulagðar ferðir. Nefndarkonur leggja til mikla ólaunaða vinnu og undirbúningsferli hvernar ferðar er langt. Þarfir ferðafélaga er alltaf nr. eitt hjá nefndinni.

Nefndin gerir athugasemdir að löggin eigi að taka gildi 1.1.2024. Nefndin er þegar búin að skipuleggja ferðir ársins 2024 og panta þær. Nefndin telur að ekki sé hægt að loka á starfsemi nefndarinnar, með dagsetningu aðeins eftir 4 mánuði. Nefndin þarf eitt ártíð að geta klárað málið á farsælan hátt.

Nefndin telur að það sé tímabundið hvenær sé hægt að leggja hana niður. Tímarnir hafa breyst og telur nefndin að þessi hópur kvenna, hafi ekki sömu stöðu í jafnréttindismálum, sem raun ber vitni, en við erum skref í rétta átt. Við teljum bara tímaspursmál hvenær starf orlofnefnda á Íslandi geti fallið niður. Ákveðinn hópur kvenna hafa ekki ennþá sömu lífeyrisréttindi og aðrir í þjóðfélaginu, þar sem þær gátu ekki unnið, meðan þær voru að ala börnin sín upp. Leikskólar voru ekki fyrir þennan hóp.


Hulda Ólafsdóttir

Formaður Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík


Ingveldur Ingólfsson

Gjaldkeri Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík